

EB númer	Reglugerðarákvæði	Innihald tilskipunar
93/92/EBE	07.20 (7)	Staðsetning ljósabúnaðar og glitaugna.
93/93/EBE	14.20 (3), 22.20 (1)	Stærð og þyngd.
93/94/EBE	04.20 (1)	Skráningarmerki; flötur.
95/1/EB	12.20 (3)	Hönnunarbundinn hámarkshraði, hámarksnúningsvægi og hámarksafl.

GJALDSKRÁ

fyrir skráningu ökutækja.

1. gr.

Gjald fyrir skráningu skal vera:	Kr.
Skráning ökutækis	5.475
Skráning umráðamanns ökutækis	1.150
Skráning eigendaskipta að ökutæki	2.300
Breytingaskráning	500
Skráning ökutækis á einkamerki	500
Skráning bifreiðar á skráningarmerki af gerð sem notuð var fram til 1949	500
Samrit skráningarskírteinis	500

2. gr.

Fyrir notkun reynslumerkis ber að greiða 10.000 kr. á ári.

Nú er notkun reynslumerkis leyfð í styttri tíma en eitt ár og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun 600 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi sem hann hefur reynslumerkið í sinni vörslu. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

3. gr.

Gjald fyrir skráningarmerki skal vera 1.875 kr. fyrir hvert merki.

Gjald fyrir skráningarmerki sem afhent er í stað skráningarmerkis af eldri gerð skal þó vera 1.375 kr.

Eigandi bifreiðar sem bera á skráningarmerki af gerð sem notuð var fram til 1949 greiðir kostnað við gerð þeirra.

Gjald fyrir vörslu skráningarmerkja umfram einn mánuð skal vera 600 kr.

4. gr.

Fyrir gerðarviðurkenningu skal greiða:	Kr.
Gerðarskráning	12.000
Gerðarviðurkenning	64.000
Gerðarviðurkenning létttra bifhjóla, torfærutækja og skráningar- skyldra tengitækja	22.000
Viðbótargerðarskráning	8.000
Viðbótargerðarviðurkenning	4.440

5. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari renna til skráningarstofu ökutækja.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 4. febrúar 1997. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir skráningu ökutækja og skoðun, nr. 561 31. desember 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o.fl.,
nr. 787 13. desember 1983.**

1. gr.

Í stað „nú“ í 2. mgr. 17. gr., sbr. reglugerð nr. 219/1994, komi: fimmtán.

2. gr.

52. gr. b, sbr. reglugerð nr. 202/1993, breytist þannig:

- a. Við greinina bætist nýir stafliðir, f- og g-, svo hljóðandi:
- f. Þeir sem fyrir 1. janúar 1997 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna vörubifreið sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd mega stjórna bifreið, annarri en hópbifreið, sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd.
- g. Þeir sem fyrir 30. desember 1996 hafa öðlast réttindi til að mega stjórna dráttarvél, léttu bifhjóli eða torfærutæki mega til 30. júní 1999 stjórna torfærutæki.
- b. Núverandi f-liður verði h-liður.

3. gr.

Ákvæði 3. mgr. 45. gr., sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 681/1996, komi til framkvæmda 1. apríl 1997.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 50., 52. og 57. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44. 7. maí 1993 og nr. 138 18. desember 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.